

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNAD



20.000 HAFA NÚ NÁÐ SÉR Í DOMINO'S APPIÐ 

50% AFSLÁTTUR

Í tilefni þess ætlum við að gefa **50% afslátt** af öllum pizzum af matseðli sem fara í gegnum appið. Gildir aðeins í dag! Það er fljótlegt og einfalt að panta pizzu með Domino's appinu. Með appinu geturðu skoðað matseðilinn, pantað og fylgst með pöntuninni auk þess að fá fréttir af tilboðum.

NÁÐU Í APPIÐ OG PRÓFAÐU AÐ PANTA!



Gildir fyrir sóttar pantanir í dag, fimmtudaginn 15. nóvember 2012. Gildir ekki með öðrum tilboðum.



Möguleikar eru eins og strætó, næsti er alltaf á leiðinni.
-Richard Branson

MYNDSKEIÐ Á MBL.IS



VALA OG AGNES RÆDDU MÁLIN
SKÖMMU FYRIR AÐGERÐINA

Verður ógeðslega vont

Fyrir tveimur árum síðan lýsti **Vala Grand** yfir áhuga sínum á því að fara í brjóstastækkun í þáttum sínum á MBL-sjónvarpi. Nú er stundin runnin upp.

Fyrir tveimur árum sýndi MBL-sjónvarp raunveruleikaþættina Veröld Völu Grand þar sem Vala Grand opnaði dymnar og hleypti alþjóð inn í sinn heim. Í þáttunum kom upp sú umræða að Vala skyldi fara í brjóstastækkun en það varð þó aldrei meira en hugmynd þá. Nú er aftur á móti komið að stóru stundinni og að sjálfsögðu fékk MonitorTV að fylgja Völu eftir í aðgerðina á dögnum. Vala var að vanda mjög skemmtileg og því var ákveðið að gera tvo þætti úr herlegheitunum en sá fyrri fer í loftið á morgun, föstudag.

„Ég er megastressuð, þetta á eftir að vera ógeðslega vont,“ sagði Vala Grand þegar Agnes Valdimarsdóttir, sjónvarpsskvísa Monitor, spjallaði við hana skömmu fyrir aðgerðina. Vala var þó fljót að sjá fyrir sér hvernig hún myndi gleyma sársaukanum eftir herlegheitin. „Karlinn fer í læknisbúning og „hjúkkar“ mig,“ sagði hún og hló innilega. Vala segir brjóstastækkunina vera hluta af breytingunni sinni en þó



sé þetta líka gert fyrir fitness-keppni sem hún fer í 2013. „Ég er byrjuð að æfa á fullu. Karlinn minn og fólkíð í kringum hann plötuðu mig út í þetta,“ sagði Vala. „Það er svo gaman að vera svona fit. Ég hef alltaf passað mig að vera þessi mjóna, eitthvert Evua Longoria-dæmi, en það er bara búið. „Fit is the new skinny,““ segir Vala.

Það verður forvitnilegt að sjá hvernig til tekst hjá Völu enda ætlar hún að fá sér þokkalegustu fyllingar í brjóstin. „Við fórum í 400,“ sagði Vala við Agnesi og Agnes auglýsti eftir frekari útskýringu á tölunni. „Ég veit það ekki, 400 grömm kannski,“ svaraði Vala. „Við vorum búin að ákveða 350 en svo hugsaði ég að 400 væri flottara, þá sér maður ekki eftir neinu,“ sagði Vala sem var full tilhlökkunar þó hún viti ekki nákvæmlega hvenær hún verði kominn á ról á nýjan leik eftir aðgerð. „Ég get örugglega byrjað í ræktinni eftir 2 vikur. Sumir eru bara farnir að skúra næsta dag en aðrir liggja í viku,“ sagði Vala að lokum.

MMM

MONITOR MÆLIR MEÐ...



FYRIR PRÓFIN

Nú fer að líða að jólaþrófum og því ekki seinna vænna að fara að huga að bókunum. Lesendum Monitor er bent á nobel.is en þar geta framhaldsskóla- og háskólanemar skráð sig í hin ýmsu upprifjunar-námskeið sem **Nóbel-námsbúðir** bjóða upp á. Námskeiðin eru sérsniðin að ákveðnum áföngum í fimm framhaldsskólum og tveimur háskólum og eru þau öll kennd af einstaklingum sem hafa nýlkið við umrædda áfanga með góðum árangri. Skráning er hafin en flest námskeiðin byrja um næstu helgi.

FYRIR SKIPULAGDA

Ef farið er að líða að jólaþrófum, þá hlýtur það að þýða að einnig sé farið að líða að jólum. Að svo sögðu er þjóðráð að fara hægt og bitandi að leiða hugann að því hvað maður ætlar að gefa sínum nánustu í **jólagjöf**. Það gefur auga leið að það væri ansi sterkur leikur að vera búinn að ákveða allar gjafirnar snemma í ár og geta slappað af í aðdraganda aðfangadags í stað þess að þeysast um verslanir í örvæntingafullri leit.



FYRIR LEIKHÚSÓÐA

Stúdenta-leikhúsið frumsýnir á morgun leikritið Nashyrningar eftir franska skáldið Eugène Ionesco. Sýningin er sett upp á Norðurljósum og verða sýningarnar einungis sex talsins á tímabilinu 16.-28. nóvember. eru áhugasamir lesendur Monitor því hvattir til að kynna sér sýningartíma strax og panta miða á midi.is.



Vikan á facebook



Hlynur Jóni Hallgrímsson
Það er þunn lína sem skilur að hunk og hlunk.
14. nóvember kl. 3:10



Selma Björns
"One day your life will flash before your eyes. Make sure it's worth watching."
13. nóvember kl. 1:06



Bubbi Morthens
loftsteinar minna mig á hraða borgarinnar. Það er gaman að horfa á þá brenna upp. Það er við dókt hvölpakið á leið sinni inni óendanleikan. Sennilega erum við mörg einstaklingar manngerðir loftsteinar. Og einhver horfir á okkur og hefur gaman af
12. nóvember kl. 20:55



Dóra Jóhannsdóttir
ameríkönunum finnst of erfitt að segja Ragnar. Ég er reyndar líka örðin þreytt á að segja þá 5 sinnum þegar ég er spurð. Tvær mömmur á ról hafa stungið uppá að ég kalli hann „Rocky,.....“
11. nóvember kl. 21:47

FEITAST I BLAÐINU

6 Svanhildur Gréta var svo elskuleg að sýna okkur inni fataskápinn sinn.



8 HÍ og HR blása til góðgerð-arknattspyrnu-leiks á laugar-daginn þar sem hetjur mætast.



11 Jónas Sigurðsson var á ákveðnum tímamarki alveg hættur í tónlistinni.



20 Justin Bieber getur leyst Rúbik-kubb á innan við tveimur mínútum.



Efst í huga Monitor

Töff að vera með kött

Mísíðustu viku prýddi Sigurður Þór Óskarsson leikari forsíðu Monitor. Hann var þó ekki einn á ferð því með honum var litla kisan hans, hún Karítas eða Kara eins og hún er kölluð, en þetta var í fyrsta skipti í forsíðusögu vikuritsins Monitor sem gæludýr situr fyrir á mynd. Myndin fékk vitaskuld góð viðbrögð, og erum við afar þakklát fyrir þau, en skemmtilegast fannst okkur að fá senda mynd sem svipaði þónokkuð til forsíðunnar, bæði hvað varðar litaval og val á gæludýri.



Á aðsendu myndinni má sjá Björgvin Halldórsson, ofur-töffara, með kisu sína, Brynjólfu, en myndin er tekin árið 1969 af Sigurgeiri Sigurjónssyni. Þessar myndir sýna hvernig tiskan fer alltaf í hringi, það var töff að vera með kött á mynd árið 1969 og það er töff að vera með kött á mynd árið 2012. Þó getur það líka verið að þessar myndir séu bara almenn sönnun þess að það er töff að vera með kött á mynd burtséð frá ártali eða öðru tímatali.

Mjá mjá, JR

MONITOR@MONITOR.IS Ritstjóri: Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is) Framleiðslustjóri: Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is) Blaðamenn: Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is) Lísa Hafliðadóttir (lisa@monitor.is) Umbrot: Monitorstaðir Auglýsingar: Auglýsingadeild Árvakurs (augl@mbl.is) Forsíða: Meistarí Gollí (gollí@mbl.is) Myndvinnsla: Ingólfur Guðmundsson Útgefandi: Árvakur Prentun: Landsprent Sími: 569 1136



Lisa Hafliðadóttir
lisa@monitor.is

Dragðu fram varirnar

Það er auðvelt að breyta lagi varanna með varablyanti, varalit og glossi. Að velja rétta dýpt af varalit er mikilvægt: ljósir litir gera varirnar fyllri og dökkir litir minnka varir.



Þykkar varir

Þegar þú berð á þig farða skaltu bera hann á varirnar líka. Notaðu svo dekksta varablyantinn í litaspjaldinu og dragðu línu innan við náttúrulegar útlínur varanna og fylltu upp í. Notaðu varalit rétt upp að varablyantslínunni. Mattur kremvaralit er betri fyrir þykkar varir en hrímaður.



Þunnar varir

Notaðu ljósasta varablyantinn úr litaspjaldinu þínu, dragðu línu umhverfis varirnar og fylltu svo inn í. Notaðu ljósasta varalitinn þinn yfir allar varirnar, þerraðu og berðu varagloss á miðjar varirnar. Ef þú vilt þykkari varir skaltu nota lítið eitt af lithverfri lýsingu í hvílltina yfir miðri efrivörinni, þá virðist efri vörin þykkari.



Ójafnar varir

Ef varirnar eru misþykkar, sú efri eða neðri, skaltu draga línu innan við útlínur þeirrar þykkari og utan við útlínur þeirrar þynnri með varablyanti og lita svo innan í. Notaðu ljósan varalit á þynnri vörina og dekkri lit á þá þykkari: þrýstu vörunum létt saman til að blanda litunum. Berðu aðeins gloss á þynnri vörina.

Breiður munnur

Notaðu varablyant og dragðu línu fyrir utan útlínur efri varar og fyrir innan útlínur neðri varar og fylltu upp í. Ekki fara alla leið út í munnvikin. Berðu varalit á miðjar varirnar, farðu svo út á við og berðu minna í munnvikin. Þerraðu og berðu gloss á miðjuna á efri og neðri vör.



Vandaðar varir í vetrarkuldanum

Förðunarhandbókin kom út á dögum en í henni má finna sérfræðileiðbeiningar sem hjálpa þér að auka sjálfstraustið og líta vel út. **Stíllinn** tók saman nokkur skemmtileg atriði úr bókinni.

Litir fyrir klæðaskápinn þinn

Hlutlausu litirnir eru tilvaldir fyrir dýrari flíkur sem þú fjárfestir í eins og kápur, jakka og buxur. Þeir eru líka frábær kostur í staðinn fyrir svart. Áherslulitir eru þeir sem þú getur notað til að gera sem mest úr þinni litgerð með því að lifga upp á klæðaskápinn.

Áherslulitir



Hlutlausir litir



Að snyrta kinnarnar

AÐ NOTA PÚÐURKINNALIT ÞÚ ÞARFT PÚÐURKINNALIT OG KINNALITABURSTA Ef þú vilt leggja áherslu á andlitsfallið skaltu bera púðurkinnalitinn á kinnbeinin og út í átt að gagnaugunum, hreyfðu svo burstann í hringi til að búa til milda jaðra. Til gamans og til að skapa unglegt útlit má bera hann beint á kinnarnar.

AÐ NOTA BRONSLIT Þú þarft bronslit og kinnalitabursta Settu annaðhvort fastan eða lausan púðurbronslit á púðurburstann og sópaðu burstanum yfir þau svæði þar sem andlitið yrði yfirleitt sólbrúnt – eftir kinnbeinum, yfir enni, nef og höku. Farðu varlega og gættu þess að setja ekki of mikið þar sem húðin getur þá sýnst óhreini.

AÐ NOTA LITHVERFAR LÝSINGAR ÞÚ ÞARFT LITHVERFAR LÝSINGAR Notaðu lýsingapúðann eða fingurgómanna til að bera þær á í „C“ formi, byrjaðu á gagnaugunum og þaðan út á við og á kinnbeinin fyrir mestu áhrifin. Fyrir dekkri húð má blanda lithverfum lýsingum og bronslit saman.



LITASPJALD HLÝRRA

- Augnskuggar Lýsing 1. Ferskja
- 2. Apríkósa Útlínulitir 3. Kakó
- 4. Gulbrúnn Áherslulitir
- 5. Kaki 6. Tangerína
- 7. Grágrænn Blöndunarlitir
- 8. Gullinn hunangslitur 9. Pistasia
- Augnblyantar 10. Mosagrænn
- 11. Brúnn Varablyantar 12. Brúnbleikur
- 13. Hlýr sandur Varagloss
- 14. Kantalópa 15. Leirrauður
- 16. Hlýr bleikur 17. Kopar Kinnalitir
- 18. Laxableikur 19. Múskat



Info T. 354 5115500



diesel.com

DIESEL[®]
FOR SUCCESSFUL LIVING



**UPPÁHALDS**

PEYSA: MONKI
 FELÐUR: FRÁ ÓMMU
 BUXUR: CHEAP MONDAY
 STÍGVÉL: GEYSIR

**HVERSDAGS**

BUXUR: URBAN OUTFITTERS
 BELTI: SECOND HAND
 BOLUR: NYTJAMARKAÐUR
 SKÓR: DR.MARTENS

**SPARI**

PILS: NOSTALGÍA
 BOLUR: RAUÐI KROSSINN
 SKÓR: GALLERÍ SAUTJÁN

Sumir meira kúl en aðrir

Stíllinn heimsótti **Svanhildi Grétu** Verzlunarskóla nema og tískusérfræðing á dögnum. Svanhildur hefur nóg á sinni könnu í vetur en ætlar þó að njóta síðasta menntaskólaársins til hins ýtrasta.

Hver er Svanhildur Gréta?

Ég er á félagsfræðibraut í Verzló og útskrifast núna í vor. Þar ritstýri ég Viljanum sem er skólablaðið og hef ég gríðarlega gaman af þeim störfum. Ég stunda crossfit og hef mikinn áhuga á heilsu og matarræði. Matur er áhugamál útaf fyrir sig hjá mér, bæði að borða hann og elda.

Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?

Stíllinn minn fer eftir skapi og degi. Á mánuðögum er mikil bugun í gangi og þá leyfi ég mér afslöppuð föt og síðan þegar líður á vikuna reyni ég kannski að hafa mig aðeins meira til. Gallaefni, þykkar peysur og uppháar buxur er kannski mest einkennandi fyrir mig.

Hefur þú mikinn áhuga á tísku?

Já, ég hef eins og flestar stelpur mjög gaman að því að versla en ég er ekkert of upptekin af því að fylgja einhverri tísku né að eiga einhverjar merkjavörur. Mér finnst langskemmtilegast að kaupa vintage-föt sem enginn annar á eins.

Hvar kaupir þú helst fötin þín?

Hérna heima kaupir ég eiginlega bara second hand í Spúútnik, Nostalgíu, Rauða krossinum, Kolaportinu og þess háttar. Erlendis þá fer ég í nokkrar nauðsynjaferðir í H&M, Topshop, American apparel, Monki og síðan er ég alveg sjúk í markaði og eltist mikið við þá.

Hvaða árstími finnst þér skemmtilegastur hvað varðar tísku? Veturinn er í miklu uppáhaldi hjá mér. Þykkar peysur, pelsar, kápur, treflar og stígvél er eitthvað sem ég hef gaman

af að kaupa og hlakka alltaf til að grafa upp eftir sumarið.

Hvað er ómissandi að eiga í fataskápnunum fyrir veturinn?

Loðfeld, loðtrefil, loð allt. Ef þessi vetur verður eitthvað eins og sá síðasti þá myndi ég segja að það væri ómissandi. Góðir þrjónasokkar einnig, það er svo leiðinlegt að verða kalt á tánum.

Hver hafa verið þín verstu tískumistösk?

Þau hafa verið mörg í gegnum tíðina. Ætli skátöppurinn og ógrynni af stytum í hárinu standi ekki uppúr? Síðan átti maður smá-skinkutímabil í grunnskóla sem ég á erfitt með skoða myndir af.

Hver er best klædda kona í heimi?

Ég hreinlega veit það ekki, ég á mér enga sérstaka tískufyrmynd. Mér finnst sumir bara meira kúl en aðrir.

Er eitthvað skemmtilegt á döfnni hjá þér í haust? Við í ritstjórninni eigum eftir að gefa út 3 tölublöð og verður nóg að gera í þeim málum samhliða því að sitja í stjórn nemendafélagsins. Síðan ætla ég bara að njóta síðasta ársins í menntaskóla áður en alvaran tekur við.

Hvort myndir þú frekar vilja vera forseti eða rokkstjarna?

Forseti, því ég held ég geti fullyrst að enginn myndi mæta á tónleikana mína, ekki einu sinni mamma. Ég held líka að ég yrði ágætur forseti þó ég segi sjálf frá.

**SKÓLA/VINNU DRESS**

BOLUR: NYTJAMARKAÐUR
 BUXUR: H&M
 SKÓR: NIKE



Chanel Iman

Bandarísk fyrirsæta, hefur tekið þátt í Victoria's Secret-tískusýningunum frá árinu 2009 og árið 2010 varð hún einn af englum og hefur tekið þátt í nokkrum auglýsingaherferðum síðan. Fatastíll Chanel er töffaralegur en þó um leið kvenlegur og flottur.

Cara Delevingne

Prátt fyrir ungan aldur er þessi breska stúlka komin ansi langt í fyrirsætubransanum. Ásamt því að vera fyrirsæta fyrir Victoria's Secret hefur Cara tekið þátt í tískusýningum fyrir hönnuði á borð við Chanel, Fendi, Burberry og Dolce Gabbana. Cara er með flottan og einstakan fatastíl.



Miranda Kerr

Þessi ástralska fyrirsæta er ein af frægustu Victoria's Secret-englum en hún hefur verið hluti af teyminu frá árinu 2007. Stíllinn hennar er fullkomin blanda af kvenlegum og töffaralegum stíl sem gerir hana einstaklega kynþokkafulla og ávallt flotta til fara.

Rosie Huntington-Whiteley

Það ættu fleisir að kannast við þessa bresku feðurardís. Rosie hefur verið Victoria's Secret-engill frá árinu 2006 en eins og Karólína tók hún ekki þátt í sýningunni í ár. Rosie hefur verið þekkt fyrir flottan persónulegan fatastíl og veldur hún sjaldan vonbrigðum í þeim efnum.



Candice Swanepoel

Þessi suðuráfríska bomba hefur heldur betur verið að gera það gott. Hún situr í tíunda sæti yfir hæstlaunuðustu fyrirsætur í heimi samkvæmt bandarískum fjölmiðlum. Candice er svakalegur töffari með einstaklega flottan og afslappaðan fatastíl.

Karólína Kurková

Karólína hefur tekið þátt í ófáum Victoria's Secret-tískusýningum en hún var ekki hluti af sýningunni í ár. Karólína kemur frá Tékklandi og er austantjalds-útlit hennar einstaklega fallett og öðruvísi. Hún er oftast kvenleg og fágúð til fara en það er þó aldrei langt í töffaraskapinn hjá henni.



ENGLAR SEM KUNNA AÐ KLÆÐA SIG

Á dögnum fór fram **Victoria's Secret** tískusýningin en þar sýna fyrirsæturnar, eða englarnir eins og þær eru kallaðar, hin ýmsu undirföt. En það er ekki aðeins feðurð sem stúlkurnar eiga sameiginlegt, þær eru einnig miklir töffarar með flottan persónulegan fatastíl. **Stíllinn** tók saman nokkra flottustu englana.




Ginger FIZZ

Nýtt merki í Dúkkuhúsinu






Kringlan Vatnsstígur 3
Sími 5170044



Láta gott af sér leiða í Kórnum

Stúdentafélög Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík ætla að standa fyrir góðgerðarknattspyrnuleik á laugardaginn næsta til styrktar Fjölskylduhjálps Íslands.

Það verður mikið um dýrðir í Kórnum í Kópavogi á laugardagskvöldið næsta því klukkan 19:30 verður blásið til leiks í góðgerðarknattspyrnuleik Stúdentafélaga Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík.

„Okkur í stjórnnum SFHR og SHÍ datt í hug að halda þennan leik eftir umræður um að láta gott af okkur leiða,“ segir Snævar Ingi Hafsteinsson en hann er einn þeirra sem skipuleggja leikinn góða. „Við byrjuðum á því að tala við Gulla (Gunnleif Gunnleifsson, landsliðsmarkvörð og leikmann Breiðabliks í knattspynu) og hann var meira en til og gerði hann allt til þess að gera þetta að veruleika,“ bætir Snævar við. „Raunar hafa flestir sem við tölum við tekið einstaklega vel í þetta enda er málstaðurinn mjög góður,“ segir Snævar en liðin skipa leikmenn úr Pepsi-deildinni og 1. deildinni. „Gulli er að sjálfsögðu fyrirlíði HR og fyrirlíði HÍ er meistari Baldur Sig (Baldur Sigurðsson, leikmaður KR í knattspynu),“ útskýrir Fannar Helgi Rúnarsson, sem ásamt Snævari sér um að allt fari vel fram á laugardagskvöldinu.

Þjálfarar liðanna eru heldur engir aukvissar en lið Háskólans í Reykjavík keppir undir styrki leiðsögn Willums Þórs Þórssonar en lið Háskóla Íslands verður undir handleiðslu Rúnars Kristinssonar. „Willum hefur komið víða við á sínum ferli og mun reynsla hans sem fyrsti landsliðsþjálfari Íslands í futsal örugglega koma að góðum notum,“ segir Fannar í léttum tón. Þó þjálfaraferill Rúnars Kristinssonar sé heldur styttri hefur hann þegar fagnað nokkrum titlum með KR. „Það verður forvitnilegt að sjá hvaða leikaðferðir þessar kempur ætla að nota,“ bætir Fannar við.

Fótboltaleikurinn er til styrktar Fjölskylduhjálps Íslands en aðgangseyrir er 500 krónur og þá verður einnig tekið á móti frjálsum framlögum.

„Við hvetjum að sjálfsögðu alla til að taka laugardagskvöldið 17. nóvember frá og mæta í Kórinn með alla fjölskylduna. Ekki nóg með að boðið verði upp á úrvalsfótbolta, sjálfur Friðrik Dór heldur uppi stuðinu í hálfleik,“ segir Snævar að lokum.



Myndrænn háskóli

Nemendur HR nýttu sér **Instagram** í einstaklega skemmtilegum leik

Erna Karólína Arnardóttir, nemi í sálfræði við Háskólann í Reykjavík fékk þá hugmynd að halda ljósmyndkeppni í skólanum en keppnin, sem er hluti af starfsnámi hennar á markaðs- og samskiptasviði, fór fram á Instagram. Í gær voru svo úrslit keppinnar kunnugerð en þar var keppt í fimm flokkum. Í flokknum „Stemmingin“ stóð Huginn Ragnarsson uppi sem sigurvegari en Haukur Heiðar Leifsson var hlutskarpastur í flokknum „Landslag“. Mynd Ingibjarts Más Barðasonar þótti flottust í flokknum „Byggingin“ en Marín Manda Magnúsdóttir stóð sig best í að fanga „Retro“ mynd. Frederic Justinger fékk svo flest „like“ á sína mynd og vann í flokknum „flest like“ eins og gefur að skilja. Monitor leit við á verðlaunaafhendinguna í gær.



ERTU VIÐBÚIN??

SOREL: 22.995.-

SOREL: 21.995.-

SOREL: 24.995.-

SOREL: 25.995.-

gs skór

Kringlunni - Smáralind
s. 512 1760 - s. 512 7700
ntc.is - erum á



**SIGURVEGARARNIR
GUNNAR OG HRANNAR**



**TÖLVUVAGNINN ER
ALGJÖR BYLTING**



**HINAR FRUMLEGU
SÆDÍS OG HELGA**

Tölvuvagnar og takkaarmbönd

Úrslitin í **Snilldarlausnum Marel** voru kunngerð í gær og er óhætt að segja að sigurvegararnir hafi allir hugsað út vel fyrir boxið

Sköpunarkeppnin Snilldarlausnir Marel var nú haldin í fjórða sinn en markmið keppinnar er að gera sem mest virði úr verðlitlum hlutum.

Mörg skemmtileg myndbönd með sniðugum hugmyndum bárust inn í keppnina en í gær var ljóst hvaða fjórar snilldarlausnir þóttu standa upp úr en veitt eru verðlaun í fjórum flokkum. Sá hópur sem vinnur Snilldarlausnina hlýtur farandverðlaunagrip sem ber nafnið Skaparinn og 75.000 króna peningaverðlaun. 50.000 krónur fást fyrir að sigra hina þrjá flokkana.

Snilldarlausnin 2012 kemur af Reykjanesinu en hana eiga þeir Gunnar Örn Bragason og Hrnannar Elí Pálsson úr Fjölbautaskóla Suðurnesja. Tölvuvagninn er lítill vagn á hjólum undir borðtölvuturna með sérstakri pumpu sem fest er við turninn. Vagninn má nota til að færa turninn úr stað og einnig nota pumpuna til að lyfta tölvunni upp og eiga þannig auðveldar með að tengja snúrur og annað við bakhluta turnsins. „Tölvuvagninn er gerður úr blikkjárni og gamalli hurðapumpu sem við félagarnir settum svo snyrtilega saman. Þetta er algjör bylting í tölvuheiminum,“ segja Gunnar og Hrnannar.

Frumlegasta hugmyndin er nýjasti tiskufylgihluturinn úr Skagafirðinum en þær Sædis Bylgja Jónsdóttir og Helga Pétursdóttir í Fjölbautaskóla Norðurlands Vestra á Sauðárkróki endurnýttu gömul fartölvulyklaborð og gerðu úr þeim stórglæsileg armbönd sem þær kalla Takkaarmbönd. „Eftir miklar þælingar datt okkur í hug að nota takka af ónothæfu fartölvulyklaborði



**ÁRNI STEINN OG HAKUR
ERU FLOTTIR**



HERÐABELTISTRÉ

og búa til armbönd. Kostnaður var lítill sem enginn því við áttum mest allt sem við þurftum að nota við þetta,“ segja þær stöllur um hugmyndina sína.

Flottasta myndbandið kemur beint úr skápunum þeirra Árna Steins Viggóssonar og Hauks Kristinssonar úr Verzlunarskóla Íslands en þeir notuðu belti til að auka rýmið í fataskápum. Hugmyndina kalla þeir Herðabeltistré. Árni og Haukur lýsa hugmyndinni svo: „Við notuðum gamalt belti sem við vorum hættir að nota til að spara pláss í fataskápnum, gerðum fleiri göt á beltið og hengdum herðatré í götin og hengdum svo beltið á herðatrésslána.“

Líklegust til framleiðslu þótti hugmyndin um gardínuhljóðdeyfif sem Suðurnesjamennirnir Þorgils Arnar Þórarinnsson, Halldór Jón Grétarsson og Theódór Már Guðmundsson unnu úr afskröningum af sverum rafmagnsvír. „Með screengardín- um myndast hávaði þegar opinn er gluggi og rok úti. Hugmyndin uppgvótaðist í rafmagnsfræði þegar við vorum að vinna með rafmagnskapla og sáum afskurðinn af köplunum og hugsuðum með okkur að það væri hægt að nýta þetta í eitthvað og með gardínuna á milljón og þá ákváðum að prófa þetta og það virkaði ljómandi vel,“ sögðu þeir.



TAKKAARMBÖND



**SUÐURNESJAMENNIRNIR
SÍKÁTU**



GARDÍNUHLJÓÐDEYFIR

Kr. 1890

Ný lína af vikingaskartgripum, tilvalin gjöf á góðu verði.

Kr. 2200

Hágæða piercing skart

WILDCAT

HOKUS POKUS

Hattar
Búningar
Fylgihlutir
Helium blöðrur

Skoðið úrvalið á:
www.hokuspokus.is

Eða komið í verslun okkar að
Laugavegi 69 - Sími 551-7955

ÞREFALT HÁMARK!

3 saman á betra verði



HÁMARK HRAUSTUR LÍKAMI - HEILBRIGÐ SÁL

Allt gekk vel, *en eitthvað böggjaði mig*

Jónas Sigurðsson

*braust í gegnum þyrnigerðið með því að vera trúr sjálfum sér. Hann sagði **Monitor** frá tölvunörðanum í sér, hápunktinum í tónlistinni til þessa og tilfinningunni sem hann fær þegar hann heyrir lagið „Rangur maður“.*





af eigin reynslu, til að syngja textann alveg risadæmi fyrir mér. Fyrir mitt leyti var til dæmis augnablikið á útgáfutónleikunum þegar þetta var flutt og ég sagði gestum að nú ætlaði fólk að sem byggði þennan bæ að syngja lag um bæinn sjálfan, einn af hápunktunum í öllu því sem ég hef gert í tónlist.

Nú er miður nóvember og þú stendur í útgáfustússi. Ert þú byrjaður að hlusta á jólalög eða huga að hátíð ljóss og friðar að öðru leyti?

Við konan erum aðeins byrjuð að skipuleggja jólin og ég hlakka til en ég er samt ekkert kominn með jólalög á heilann eða þannig. Þegar við bjuggum í Danmörku urðu jólin að einhverju svona stærra dæmi. Hluti af ástæðunni fyrir því var líklega að þegar maður býr svona í útlöndum finnur maður fyrir svo miklum friði og ró á jólnunum, þau verða bara að öllu leyti að samverustund fjölskyldunnar í staðinn fyrir að verða svona heimsóknamaðon.

Hvað ber framtíðin í skauti sér fyrir þig sem tónlistarmann? Sérð þú fram á að semja tónlist svo lengi sem þú lifir eða heldur þú að það gæti komið annað tímabil þar sem þú færð alveg nóg?

Ég hef svo sem ekki þælt í því. Ég er fyrst og fremst rosalega ánægður að vera kominn á þann stað sem ég er kominn á núna. Ég finn fyrir stuðningi frá ákveðnum hópi fólks sem tengir við það sem ég er að gera og það er frábær tilfinning. Ég hef að vissu leyti verið að vinna stundum með dálítið skrytið „sánd“ svo það hefur tekið suma dálítið langan tíma að kveikja á því sem ég er að gera en ég er mjög spenntur fyrir að halda bara áfram að vaxa. Ég held að ég eigi eftir að gera helling, mig langar til dæmis að útvíkka mig í textaskrifum og meitla lagasmíðar. Ég ætla allavega að spreyta mig á þessu eitthvað áfram.



SMÁA LETRIÐ



KVIKMYNDIR

Myndin sem ég get horft á aftur og aftur: The Big Lebowski.

Myndin sem ég væli yfir: ET, Contact, AI. Ég sé að Spielberg höfðar til minnar mjúku hliðar.

Myndin sem ég grenja úr hlátri yfir: The Big Lebowski og Anchorman.

Uppáhaldsmyndin mín í æsku: ET, Star Wars 1 til 3 (nú 3 til 6).

Versta mynd sem ég hef séð: Star Wars 4 (nú 1).



TÓNLIST

Lagið í upphaldi þessa stundina: Flest lög in á nýju plötunni hans Ómars, Born to Be Free með Borko, Tipp topp með Prins Póló, Valdímarsplatan rúllar líka og mörg, mörg fleiri lög. Það er erfitt að velja eitt.

Lagið sem ég hlusta á til að girna mig upp fyrir helgina: Die Antwoord - Enter the Ninja.

Lagið sem ég fila í laumi: Allt með Beyoncé

Lagið sem ég syng í karóki: Starting Over með John Lennon.

Nostalgilugagið: Jerry Was a Race Car Driver með Primus.



FORM OG FÆÐI

Uppáhaldsmatur: Núðlusúpa á Núðluskálinni.

Maturinn sem ég fæ mér þegar ég ætla að taka mig á: Egg og hafragrautur.

Versti matur sem ég hef smakkað: Líklega eitthvað sem ég borðaði á heimavistarárunum.

Líkamsræktin mín: Hlaup og langir labbitúrar.

Stoltasta augnablikið á íþróttuferlinum mínum: Hálfmarabonið sem ég hljóp í Reykjavíkummaraboninu. Þó ég hafi mætt 2 mín. of seint og þurft að hlaupa uppi hópin sem mér þótti frekar þínlegt þá var ég mjög ánægður þegar ég var búinn.

Síðasta sem ég...

Síðasta borg sem ég heimsótti fyrir utan landsteinana: Ég kom síðast til Parísar.

Síðasti veitingastaður sem ég borðaði á: Það hefur verið á Bergsson mathúsi. Það er alveg fullkominn staður í hádeginu.

Síðasti hlutur sem ég keypti mér: Æðislegur Martin-kassagitar sem talar svo sterkt til mín.

Síðasta bíómynd sem ég horfði á: Einhver Mission Impossible-mynd, með stráknum mínum. Það eru flottar tækniþrellur í henni.

Síðasta húsv verk sem ég innti af hendi: Ég vaskaði upp.

Síðasta skipti sem ég sagði einhverjum að mér þætti vænt um hann: Í dag þegar ég kvaddi fjölskylduna mína.



JACK JONES®

Kringlan, s. 581 1944 / Smáralind, s. 544 4240
www.facebook.com /jackjones iceland

Hettupeysur frá 7.990



Úlpa 10.900



Gallajakki 11.900



Skyrta 6.990



Ullarpeysa 8.990

Of mikið kynlíf

Þeir karlmenn sem vilja eiga fleiri en eina konu ættu að þekkja sögu nígeríska kaupsýslumannsins Uroka

1 Onoja. Hann átti sex konur og þótti þeim fimm elstu sem hann veitti þeirri yngstu of mikla athygli. Einhverju sinni þegar þær komu að honum í ástaratlotum með þeirri yngstu gripu þær barefli og hnifa og sögðu honum að hann þyrfti að stunda kynlíf með þeim öllum undir eins. Í



miðjum atlotum með þeirri fjórðu missti Uroko Onoja andann og lét lífið.



Banvæn brúðarmyndataka

Maria Pantazopoulos hafði gengið í það heilaga tveimur vikum áður en hún mætti í brúðkaupsmyndatöku með

2 sínum heittelskaða. Nýbókuðu hjónin ákváðu að taka óhefðbundnar myndir og fóru að á í grennd við heimili þeirra. Ljósmyndarinn fékk Mariu til að standa úti í ánni á nokkrum myndunum en áin reyndist svo straumhörð að hún reif Mariu með sér. Hún fannst nokkrum klukkustundum síðar, neðar í ánni, og hafði hún drukknað.




Varð fyrir spjótí

Spjótkast er alla jafna ekki á meðal hættulegustu íþróttageirna.

3 74 ára Þjóðverji að nafni Dieter Strack lét hins vegar lífið á íþróttamóti í Düsseldorf á þessu ári þegar hann fékk fljúgandi spjót í sig. Keppandinn sem kastaði spjótinu var 15 ára en Dieter var staddur á brautinni til að mæla kast frá öðrum keppanda. Hann lést af sárum sínum á sjúkrahúsi.

STÓRFURÐULEGIR DAUÐDAGAR

Það eina sem er víst í þessum heimi er að öll munum við kveðja hann á endanum. Hvernig við gerum það er hins vegar önnur saga. **Monitor** komst að því að kynlíf, brúðkaupsmyndatökur, tyggjó og Biblíur geta verið dauðans alvara.



Dýrindis matur

Menn taka upp á ýmsu þegar þeir sitja í steininum en fáir toppa

4 hinn 22 ára gamla Franco Brun sem sat í fangelsi í Toronto árið 1987. Hann ákváð að reyna að borða Biblíuna og kafnaði við uppátækið.



Fljúgandi dýr

Kanadískt þar lét lífið í bílslysi þegar stærðar skógarbjörn kom fljúgandi í gegnum bílrúðuna hjá þeim. Björninn hafði

6 hlaupið inn á veg þar sem bíll úr gagnstæðri átt keyrði á hann af svo miklum krafti að hann flaug yfir á bíl kanadíska þarsins. Nokkrum árum fyrr hafði ung kona í Kaliforníu-ríki látið lífið í sams konar slysi, nema þar var um fljúgandi kýr að ræða.



Sprenghyggjó

Úkraínski háskólaneminn Vladimír Likhonos var að búa til tyggjó en var eitthvað utan við sig. Hann

5 ætlaði að dýfa tyggjóinu ofan í sitrusefni en dýfði því þess í stað ofan í sprengiefni sem hann var með á borðinu í tengslum við annað verkefni. Hann setti tyggjóid upp í munninn á sér, beit í það og sprengdi af sér höfuðið.

„Ekki séns að þetta brotni!“

38 ára lögfræðingur að nafni Garry Hoy féll fram af 24. hæð í háhýsi og lést samstundis. Hann hafði fullrytt við hóp af fólki á skrifstofu sinni að ekki væri mögulegt að brjóta rúðuna

7 í glugganum þar. Til að sanna það ákváð hann að hlaupa að glugganum og kasta sér á rúðuna. Það reyndist vissulega rétt hjá honum að rúðan brotnaði ekki. En hún losnaði hins vegar úr glugganum og féll til jarðar ásamt honum sjálfum.

Undarleg netauglýsing

Árið 2001 setti Þjóðverjinn Bernd-Jürgen Brandes auglýsingu á netið þar sem hann lýsti því yfir að hann hefði áhuga á því að einhver myndi drepa hann og borða hann. Einhverjir hefðu haldið að enginn myndi svara slíkri auglýsingu en þeir þekkja ekki Armin Meiwes sem gengur undir nafninu „mannætan frá Rotenburg“ í dag. Hann kíkti í heimsókn til Brandes, stakk hann til bana og át svo hluta af honum.

Hauslaus vinur

Árið 2004 voru vinirnir Francis og John að keyra saman í Georgíu-ríki og voru báðir undir áhrifum vímuefna. John var við stýrið en Francis í farþegasætinu. Sá síðarnefndi hallaði sér út um gluggann á bílnum og vildi ekki betur til en að hann lenti á símavir sem afhöfðaði hann. John var hins vegar svo út úr heiminum að hann tók ekki eftir neinu, heldur keyrði hann heim, lagði bílnum og fór inn að sofa. Það var svo um morguninn sem nágrenni hans uppgötvaði hauslausa félagann í farþegasætinu.



Krókódill í vélinni

20 manns létu lífið í Kongó þegar flugvél hrapaði til jarðar. Ástæðan? Einhver farþeganna hafði smyglað


10 krókóðil í stórrí íþróttatösku um borð í vélina. Krókóðillinn slapp úr töskunni og varð uppi varð fótur og fit. Fólk fór að hlaupa og brjótast um í vélinni, það varð til þess að hún hrapaði. Aðeins einn farþegi slapp lífs af... og reyndar krókóðillinn líka!



EINN HARÐASTI SKOTLEIKUR ÁRSINS!

CALL OF DUTY BLACK OPS II

treyarch ACTIVISION



VILTU
VINNA
EINTAK?



9. HVER
VINNUR!
FJÖLDI
AUKAVINNINGA

SENDU **EST CB2** Í NÚMERIÐ **1900**. ÞÚ FÆRÐ SPURNINGU OG SVARAR
MEÐ ÞVÍ AÐ SENDA SMS SKEYTIÐ **EST A, B EÐA C** Á NÚMERIÐ **1900**
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

GEGGJAÐIR AUKAVINNINGAR!
TÖLVULEIKIR - DVD - GOS O.FL.

ELKO

EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ

*Aðalvinningar dregnir úr öllum innsendum skeytum 24. nóvember 2012.

Vinningar verða afhentir í ELKO Lindum, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 199 kr./SMS-ið.

Þú færð 5 mínútur til að svara spurningu.

Leik lýkur 23. nóvember 2012

Lindum - Skeifunni - Vefverslun - sími 544 4000 - símsala 575 8115

Það væri svo fallegt ef **Kristen Stewart** og **Robert Pattinson** væru ennþá saman.



NOKKRAR GÓÐAR

Good Will Hunting (1997)
Ben Affleck fékk Óskarsverðlaun fyrir handritið sem hann skrifaði ásamt góðum vini sínum, Matt Damon. Þó svo að Affleck hafi ekki verið í aðalhlutverki í myndinni stóð hann sig samt einkar vel sem Chuckie Sullivan, frammistaða hans var eðlileg og kraftmikil og hefur það eflaust hjálpað að hafa skrifað handritið.



Boiler Room (2000)
Hér fer Ben Affleck með hlutverk Jims Young sem er ansi harðsvífinn og ákafur fjársvikari. Hlutverkið var lítið en hann gerði það stórt með frammistöðu sinni og stal senunni í þær fáu mínútur sem hann birtist á skjánum og bætti við góðum skammti af hroka og stælum í þessa ræmu.



State of Play (2009)
Það fór kannski ekki mikið fyrir þessari kvikmynd en Ben Affleck var engu að síður traustur í sínu hlutverki. Hér fer hann með hlutverk þingmanns sem flækist í pólitískt hneykslismál og þrátt fyrir að leika á móti þungavigtarleikurum á borð við Russel Crowe og Helen Mirren heldur Affleck allan tímann sjó.



Chasing Amy (1997)
Myndin hlaut kannski ekki mörg verðlaun en frammistaða Bens sem Holden McNeil var áhrifarík og fyndin og gerði í raun Chasing Amy að sigldri költ-mynd þó svo að það sé einkum handriti Kevins Smith að þakka. Einnig getur Affleck þakkað Jason Lee gott samstarf því saman mynduðu þeir bráðfyndið tvíeyki.

Flekklaus Affleck?

Það verður seint sagt að kvikmyndaferill **Bens Affleck** sé alveg flekklaus því kappinn hefur tekið þátt í misgóðum myndum í henni Hollywood

Það er óhætt að segja að Ben Affleck hafi ekki alltaf hitt naglann á höfuðið á sínum kvikmyndaferli en hann hefur þó átt góða spretti. Í síðustu viku var kvikmyndin Argo frumsýnd hér á landi en Ben Affleck leikur þar eitt aðalhlutverkanna en leikstjórnin er einnig í hans höndum. Ben Affleck virðist kunna vel við sig í leikstjórnastólum því myndirnar Gone Baby Gone og The Town verða einnig að teljast vel lukkaðar. Monitor safnaði saman nokkrum misgóðum sem kappinn hefur tekið þátt í.



NOKKRAR VERRI

Gigli (2003)
Einhverjir hafa haldið því fram að Gigli sé versta mynd allra tíma og margir gagnrýnendur lögðu sig alla fram við að koma á framfæri neikvæðri skoðun sinni á myndinni. Ben Affleck og Jennifer Lopez voru á þessum tíma saman í alvörundi en það virðist ekki hafa hjálpað til á stóra tjaldinu og skildi myndin eftir óbragð í munni flestra sem hana sáu.



Jersey Girl (2004)
Jersey Girl er kannski einna helst þekktust fyrir að vera versta mynd handritshöfundarins Kevins Smith. Það má deila um það hvort það sé tilviljun að Jennifer Lopez hafi einnig farið með hlutverk í þessari mynd, þó hún hafi reyndar ekki átt eina setningu í myndinni. En myndin þótti innihalda lélega pabbabrandara og afar fyrirsjáanlegan endi.



Daredevil (2003)
Hér er á ferðinni enn ein Bennifermyndin en þó á J-Lo ekki í hlut því nú hafði neisti kviknað hjá Ben og Jennifer Garner. Myndin er því hvað mest eftirminnileg fyrir þær sakir að þarna náði ást þeirra hámarki því annað sem þar fór fram telst ekki til afreka. Ben Affleck er þó kynþokkafullur í rauðum þröngum leðurgalla.



Reindeer Games (2000)
Reindeer Games verður seint talinn gimsteinninn í kvikmyndasögunni og er sjálfsagt meira notað í dag sem niðurlag í góðum brandara. Persónan sem Affleck leikur nær aldrei flugi og sjálfsagt vill Charlize Theron reyna að gleyma því líka að hún hafi nokkurn tímann leikið í þessari mynd.



FRUMSÝNING HELGARINNAR

The Twilight Saga: Breaking Dawn – Part 2

Bella Swan er nú orðin vampíra og kann vel að meta og nýta sér þá ofurmannlegu krafta sem í því felast. Um leið eru hún og Edward orðin stoltir foreldrar litlu stúlkunnar Renesmee, en fæðingu hennar er ekki jafn vel fagnað alls staðar. Í kjölfarið á ósönnum ásökunum átta þau Bella og Edward sig á því að þau munu innan skamms þurfa að verja bæði eigið líf og líf Renesmee og að eina

leiðin til þess sé að safna saman þeim sem standa þeim næst og fá þau til að berjast sér við hlið. Það leikur enginn vafi á að aðdáendur þessarar kvikmyndaseríu, sem byggð er á samnefndum bóka-flokki rithöfundarins Stephenie Meyer, eiga eftir að flykkjast í bíó á frumsýningardaginn og skemmta sér vel yfir þessu síðasta uppgjöri Cullen-fólksins við þá sem vilja gera því mein.

Leikstjóri: Bill Condon.
Aðalhlutverk: Kristen Stewart, Robert Pattinson, Taylor Lautner, Kellan Lutz, Dakota Fanning, Mackenzie Foy, Maggie Grace, Ashley Greene og Billy Burke.
Lengd: 116 mínútur.
Aldurstakmark: Bönnuð innan 12 ára.
Kvikmyndahús: Sambíóin Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Keflavík og Akureyri og Laugarásbío.

VILTU VINNA MIÐA?

Monitor ætlar að gefa miða á **Breaking Dawn**, fylgstu með ...

facebook.com/monitorbladid

TÖLVULEIKUR

Call of Duty Black Ops 2

MAAAA

Tegund: Skotleikur

PEGI merking: 18+

Útgefandi: Treyarch

Aðrir dómur:
IGN 9,3 af 10
Gamespot 8 af 10
Gametrailers 9,4 af 10

Nú er það svart, en samt svo bjart...

Árlega kemur út tilkynning um nýjan Call of Duty leik, á sama tíma dettur leikjaheimurinn í tilfinningalegan rússibana þar sem menn eru mismunandi hressir, sumir reiðir, nokkrir glaðir, aðrir ringlaðir. Svo þegar leikurinn sjálfur kemur út rjúka allir af stað út í búð og enda þessir leikir oftar en ekki sem mest seldu leikir allra tíma.

Nú var að detta inn nýjasti leikur seríunnar eða Black Ops 2, en hér fara leikmenn í hlutverk nokkurra persóna og gerist leikurinn bæði í kringum 1970 og svo aftur í kringum 2025. Sögurnar fléttast svo saman og mynda ágætis heild sem skreytt er með sprengingum og bullandi hasar.

En það er ekki söguþráðurinn sem setur C-ið í Call of Duty, heldur er það netspilun leiksins og þar skín Black Ops 2 hvað skærast. Allir gömlu spilunarmöguleikarnir eru til staðar, s.s. Team Death Match, Demolition og Domination, en ofan á það er komin liðakeppni þar sem fjögur þriggja manna lið keppa saman og margt fleira. Ofan á þetta bættist að það er búð að finnúsa allar valmyndir leiksins og breyta Killstreaks í Scorestreaks og ýmislegt fleira.

Borðin í netspiluninni eru mjög vel hönnuð og skapa leikmönnum allskyns vandræði.


Þriðja hjólið undir Black Ops 2-bílunum er Zombiehluti leiksins, en þar berjast leikmenn við allskyns uppvakninga, annaðhvort einir sér eða í liði með öðrum. Aldrei hefur þessi hluti leiksins verið stærri, fjölbreyttari og skemmtilegri en nú og ljóst að töluverður metnaður hefur verið settur í uppvakningana.

Black Ops 2 keyrir á sömu gömlu COD-graflíkvélinni og sér maður að hún er farin að þreytast á köflum og dragast aftur úr, en spilun leiksins fær mann til að gleyma því og er leikurinn dálítið eins og ljótur maður sem notar sjarma sinn til að bræða hjörtu.

Þegar öllu er á botninn hvolft þá er Black Ops 2 fyrst og fremst leikur þar sem hvergi er slegið af til að reyna að skemmta manni og það tekst vel.



ÓLAFUR ÞÓR JÓNSSON



KVIKMYND

Sé þig í næsta lífi!

Cloud Atlas er nýjasta mynd Toms Tykwer og Wachowski-systkina, sem gerðu t.a.m. Matrix-myndirnar. Myndin er byggð á skáldsagnabálki Davids Mitchell og fjallar um endurfæðingu en hún einblínir á nokkrar aðalpersónur sem hittast og tengjast óskiljanlegum böndum í mismunandi lífum.

Myndin byrjar í rauninni strax á fyrstu mínútu og heldur manni síðan við efnið í góðar 172 mínútur án þess að maður sé að bíða eftir endanum. Að mínum dómi er það vel af sér vikið hjá leikstjórum



að mynd sem er jafn löng og Cloud Atlas sé ekki á neinum tímupunkti langdregin eða hæg. Söguþráður myndarinnar byggir á nokkrum mismunandi sögum, sem tengjast á einhvern hátt í gegnum persónurnar. Söguþráðurinn og hugmynd myndarinnar er samt ekki það sem heldur henni uppi. Helsti kostur hennar er úrvalslíð leikara og hæfni leikstjóra til þess að fanga tíðaranda hvers tímabils fyrir sig og athyglisverð sýn á framtíðina. Leikarahópurinn samanstendur af þaulreyndum leikurum sem hafa margsinnis sannað sig, í bland við unga og upprennandi leikara. Kanónur á borð við Tom Hanks, Jim Broadbent, Hugo Weaving, Hugh Grant, Halle Berry og Susan Sarandon eru rock solid eins og venjulega.

Helsti galli myndarinnar er að oft og tíðum er farið úr einu í annað og skilur það áhorfandann eftir ansi ruglaðan. Það tók sjálfan mig smástund að átta mig á því hvað væri að gerast en svo þegar líður á nær maður að tengjast öllum sögunum betur. Persónulega fannst mér vanta almennilegan endi á myndina, mörgum spurningum er ekki svarað og lýkur henni mjög skyndilega. En það kemur ekki að sök og Cloud Atlas er þrusugóð mynd sem hefur allt sem góð mynd þarf, húmor, spennu, drama og frábærar brellur og leik sem heldur manni við efnið allan tímann. Ef þú skellir þér á Cloud Atlas verðurðu ekki svikin(n).

CLOUD ATLAS

IVAR ORRI ARONSSON


MMMMM



Kobe Bryant

Lag: K.O.B.E. feat. Tyra Banks


Okei, þetta er undarlegt lag. Ekki bara er Kobe Bryant að rappa og það illa, heldur er enginn önnur Tyra Banks með viðlagið. Og með frammistöðu sinni afsannar hún þá mýtu að nútíma upptöktækni geti látið hvern sem er hljóma vel.



Andy Cole

Lag: Outstanding

Ég man ennþá þegar ég las á íþróttasiðum Moggans að Andy Cole væri með rapplag í smíðum. Ég hélt að heimurinn gæti ekki leikið betur við mig, uppáhalds fótboltamaðurinn minn var að fara að gera uppáhaldstónlistina mína. Seinna velti ég því fyrir mér hvers vegna lagið hafi aldrei komið til Íslands. Það var síðan fyrir nokkrum árum með hjálp youtube að ég fékk svör við spurningum mínum. Lag hans Outstanding var allt annað en outstanding og náði sama sem engum



Oscar De La Hoya

Plata: Oscar De La Hoya. Lag: Te Amo

Einhver undarleg áhrif höfðu aldamótin á latneska gulldreginn Oscar De La Hoya því einhverra hluta vegna ákvað hann að gefa út latin popplötu í samvinnu við Diane Warren og The Bee Gees. Sungin bæði á ensku og spænsku fór platan ekki alveg nógu vel í almenning en skilaði honum þó Grammy-tilnefningu. Nú þegar Oscar hefur lagt hanskana á hilluna er spurning hvort hann fari að renna hýru auga til hljóðnemans á ný.



Skortir þrótt í tónlistinni

Það er almenn vitneskja að atvinnumenn í íþróttum hafa mikinn frítíma. Sumir sinna fjölskyldulífinu, aðrir spila playstation, einhverjir stunda fjárhættuspil og síðan er alltaf þessi vissi kjarni sem telur tónlistina vera sína köllun. Ég þefaði uppi nokkrar áhugaverðar og misjafnar tilraunir íþróttamanna til að stíga inn í tónlistarbransann.



Kevin Keegan

Lag: Head Over Heels in Love

Árið er 1979 og Kevin Keegan er launahæsti leikmaður Þýskalands og hefur nýlega verið kosinn besti knattspyrnumaður Evrópu. Og hvað gerir hann, gefur út lag. Ekki vitlausari hugmynd en það að lagið sló í gegn í Þýskalandi, hvar annars staðar? Við heimkomuna til Englands ári seinna gaf hann út lagið England sem náði litlum vinsældum og með því lauk stuttum ferli hans sem tónlistarmanns.



Clint Dempsey

Lag: Don't Tread

Dempsey eða Duece eins og hann kallar sig sem rappari gaf út lagið Don't Tread í Bandaríkjunum sem kynningarlag fyrir HM 2006. Hann komst ágætlega frá verkefninu.

Shaquille O'Neal

Lag: (I Know I Got) Skillz

Það sem er óvanalegt við tónlistarferil þessa íþróttamanns er hvað hann nær yfir langan tíma. Flestir íþróttamenn ná í besta falli einu lagi og eftir það er hæfileikum þeirra frekar óskað á öðrum vettvangi þjóðlífsins. Shaq gaf út fimm plötur í það heila á tímabilinu '93 til '98 og fór ein þeirra í plátínu-sölu og önnur í gull. Shaq verður þó seint minnst sem áhrifavalds í tónlistarsögunni.



TÓNLISTINN

Vikan 8. nóvember - 14. nóvember 2012

- 1 Ásgeir Trausti**
Dýrd í dauðapögn
- 2 Retro Stefson**
Glow
- 3 Valdimar**
Sýn
- 4 Ragnar Bjarnason / Jón Jónsson**
Froðan
- 5 Rihanna**
Diamonds
- 6 Adele**
Skyfall
- 7 Jónas Sigurðsson**
Hafið er svart
- 8 Mumford & Sons**
I Will Wait
- 9 Bruno Mars**
Locked Out Of Heaven
- 10 Of Monsters And Men**
Mountain Sounds

Philip Phillips Home Robbie Williams Candy Ásgeir Trausti Leyndarmál The Script / Will.I.Am Hall Of Fame Magni Augnablik Muse Madness Of Monsters And Men Dirty Paws Jack White I'm shaking The Lumineers Ho Hay David Guetta/SIA She Wolf Pink Try Lára Rúnar Beast Calvin Harris/Florence Welch Sweet Nothing Emeli Sande Read All About It Part.3 Maroon 5 One More Night Swedish House Mafia Don't You Worry Ellie Goulding Anything Could Happen Olly Murs/Flo Rida Troublemaker One Direction Live While We Are Young Sigurður Guðmundsson & Memfismafian Blánött

*Tónlistinn er unninn af Félagi hljómplötuframleiðenda og inniheldur sölutölur síðastliðinnar viku í verslunum Skifunnar, Hagkaupa, Pennans / Eymundssonar, 12 Tóna, Hörpu, Elkó, Smekkleysu plötubúð og á Tónlist.is.



LAGALISTINN

Vikan 8. nóvember - 14. nóvember 2012

- 1 Ásgeir Trausti**
Dýrd í dauðapögn
- 2 Retro Stefson**
Retro Stefson
- 3 Valdimar**
Um stund
- 4 Of Monsters And Men**
My Head Is An Animal
- 5 Skálmöld**
Börn Loka
- 6 Jónas Sigurðsson**
Þar sem himin ber við haf
- 7 Sigur Rós**
Valtari
- 8 Bjarni Arason**
Elvis Gospel
- 9 Friðrik Ómar**
Outside The Ring
- 10 Úr kvikmynd**
Avaxtakarfan

Steindór Andersen & Hilmar Örn Hilmarsson Stafnbúi Magni í hugarum heim Samaris Stofnar falla EP Moses Hightower Önnur Mósebók Mugison 5 CD Pakki Stuðmenn Astralterta Mannakorn í blómabrekkunni Sigur Rós Von brigði Elly Vilhjálmsson Heyr mína bæn Úr leikritum Thorbjörn Egner: Gömlu góðu leikritin Skúli Sverrisson & Óskar Guðjónsson The Box Tree Sóley We Sink múm Loksins erum við engin Úr leikriti Dýrin í Hálsaskógi Jóhann Jóhannsson Copenhagen Dreams Friðrik Dór Vélrænn Borko Born To Be Free Jón Jónsson Wait For Fate Magnús og Jóhann í tíma Tilbury Exorcise

*Lagalistinn er unninn af Félagi hljómplötuframleiðenda og inniheldur samantekt síðastliðinnar viku á mest spilðuðum lögum á eftirtöldum útvarpsstöðvum: Bylgjan, FM95.7, Xíð 977, Rás 2 og Kaninn. Auk þess er tekið mið af sölu á Tónlist.is.



Justin Bieber getur leyst Rúbík-kubb á innan við tveimur mínútum.

Vændi er löglegt í Kanada.

1.300.000 moskító-flugur þyrftu að leggjast á eitt til að tæma allt blóð úr einum mannlíkama.

Á móti hverjum manni á jörðinni eru um það bil 170 milljónir skordýra.

Konur læra að tala, lesa og nota setningar fyrr en karlar.

„Was it Eliot's toilet I saw?“ er alveg eins aftur á bak og áfram.

Í Kaliforníu eru til bæir sem heita „Cool“ og „Hooker“.

6,5% af öllu því fólki sem hefur fæðst á þessari jörðu frá upphafi er á lífi í dag.

41 árs bresk kona giftist höfrungi í Ísrael.



Meðlimir Bítlanna kunnu ekki að lesa tónlist af blaði. Paul McCartney kenndi þó sjálfum sér að gera það síðar.



Býflugur eru með 5 augu.



Coca Cola seldi einungis 25 flöskur á fyrsta árinu sínu en héldu þó áfram.

Staðreyndir

Á **Twitter** er hægt að elta **@GoogleFacts** og á degi hverjum birta þeir ýmsar staðreyndir. Svo er það bara spurning hvort maður eigi að trúá öllu sem þeir rita. **Monitor** tók saman nokkrar skemmtilegar frá þeim.



1 af hverjum 500 fæðist með auka putta eða tá.

Nöglin á löngutöng vex hraðast.

Býfluga þarf að heimsækja 4.000 blóm til að búa til eina teskeið af hunangi.



Aðalpersónurnar í Inception heita Dom, Robert, Eames, Arthur, Mal og Saito. Ef þú tekur upphafsstafi þeirra og setur í eitt orð er útkoman: DREAMS.

150 bollar af kaffi á innan við 5 klukkutímum gætu drepit þig.

IKEA-búðir eru hannaðar eins og völundarhús svo það sé erfiðara fyrir viðskiptavinina að yfirgefa búðina.



Rihanna kláraði ekki menntaskóla.

Stærsti hluti ryksins undir rúminu þínu er í raun þitt eigið dauða skinn.



Maður að nafni Charles Osborne var með hiksta í 69 ár.

Einungis tvö prósent jarðarbúa hafa græn augu.



Snigill getur sofist í þrjú ár.

Fiskar geta drukkað.

Grátur losar um stress-hormóna. Þess vegna líður þér betur eftir að þú grætur.

Jägermeister var upphaflega framleiddur sem hóstasaft í Þýskalandi.

Svefnleysi getur valdið þyngdaraukningu.

Þótt ótrúlegt megi virðast þá var kveikjarinn fundinn upp á undan eldspýtnni.



Höfundur „Karlar sem hata konur,“ Stieg Larsson varð vitni af hópnaugðun þegar hann var einungis 15 ára gamall.



Einn af hverjum fjórum getur skrifað sms án þess að horfa á farsímann sinn.

Þig getur ekki dreymt neitt á meðan þú hrýtur.

Þabbi Osama Bin Laden var auðugur viðskiptajöfur sem giftist 22 sinnum og var faðir að minnsta kosti 54 barna.



Taumatawhakatangi-hanga-kouauotamateapokaiw-henuakitanatahu er lengsta staðarnafnið í heiminum.



Púmba í Konungi Ljónanna var fyrsta persónan til að prumpa í mynd frá Disney.

Líkami þinn þarf á svefni að halda. Ef þú vakir í 2 vikur gætir þú dáit.



SAMSUNG



Samsung
GALAXY S III

inspired by nature

SKONROKK

MOGGAKLÚBBSTILBOÐ

30% AFSLÁTTUR Á ROKKVEISLU ALDARINNAR
„SKONROKK“ 9. NÓV. Í HOFI AKUREYRI KL. 20:00 OG
23:00 OG 17. NÓV. Í SILFURBERGI Í HÖRPU KL. 20:00

Margir af bestu roksöngvurum þjóðarinnar koma fram ásamt magnaðri hljómsveit. Magni, Eyþór Ingi, Páll Rósinkranz, Pétur Guðmunds og Biggi Haralds flytja rjómann af bestu roklögum allra tíma.

Bestu lög roksögunnar verða flutt á tónleikunum. Meðal annars lög Deep Purple, Whitesnake, KISS, AC/DC, KINKS, CCR, ásamt fjölda annarra.

Hljómsveitina Tyrkja-Guddu skipa: Einar Þór Jóhannsson á gítar, Sigurgeir Sigmundsson á gítar, Ingimundur Óskarsson á bassa, Birgir Nielsen á trommur og Stefán Örn Gunnlaugsson á hljómborð.

Enginn sannur rokkkunnandi má láta þennan viðburð framhjá sér fara.

Miðaverð í Hofi 5.900 kr.

Moggaklúbbsverð 4.130 kr.

Hægt er að kaupa miða á tónleikana í Hofi á midi.is og með því að framvísa Moggaklúbbskortinu í miðasölu.

Miðaverð í Hörpu 6.400 kr.

Moggaklúbbsverð 4.480 kr.

Hægt er að kaupa miða á tónleikana í Hörpu á midi.is, harpa.is og með því að framvísa Moggaklúbbskortinu í miðasölu.

Til að fá afsláttinn á midi.is og harpa.is:

Veldu þér miða. Í auða reitinn í skrefi #3 slærðu inn: MBLSKONROKK
Smelltu á „Senda“ og þú sérð afsláttinn koma inn um leið.

ATH. Staðfestið EKKI greiðslu fyrr en afsláttur er orðinn virkur.



MOGGAKLÚBBURINN

– MEIRA FYRIR ÁSKRIFENDUR



KORTID GILDIR TIL
31. janúar 2013



FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á [MBL.IS/ASKRIFT](http://mbl.is/askrift)
EÐA Í SÍMA 569 1100

Áskrifendur Morgunblaðsins eru sjálfkrafa meðlimir í Moggaklúbbum og njóta ýmissa fríðinda og tilboða.
Hægt er að fylgjast með hvað er í boði hverju sinni á mbl.is/moggaklubburinn og fá tilboðin send í tölvupósti með því að skrá sig á mbl.is/postlisti.
Hafðu samband í síma 569 1100 eða askrift@mbl.is hafi Moggaklúbbskortid ekki borist þér.

